

## Samningur um sameiningu Hvammstangasóknar og Breiðabólsstaðasóknar

narnefndir Hvammstangasóknar og Breiðabólsstaðasóknar gera með sér svohljóðandi  
ning um sameiningu sóknanna með fyrirvara um samþykki aðalsafnaðarfunda hvorar  
nar um sig vorið 2022, samþykki héraðsfundar Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmis  
vorið 2022 og samþykki kirkjupings haustið 2022:

1. Hvammstangasókn og Breiðabólsstaðasókn sameinast 30. nóvember 2022.
2. Heiti sameinaðrar sóknar verður Hvammstangasókn og sóknarkirkjan verður  
Hvammstangakirkja.
3. Breiðabólsstaðakirkja verður því ekki sóknarkirkja sbr. 2. gr. en eftir sem áður helgað  
Guðshús og nýtist sem slíkt til messuhalds og helgra athafna s.s. skírna, ferminga,  
hjónavígsna, kistulagninga, útfara o.fl.
4. Kirkjuleg þjónusta í sóknunum breytist lítið við sameininguna. Börn úr  
Breiðabólsstaðasókn hafa sótt barna- og æskulýðssstarf í Hvammstangakirkju og  
fermingarbörn hafa sömuleiðis sótt fermingarfræðslu í Hvammstangakirkju. Hvort  
tveggja verður óbreytt. Sálgæsla, vinaheimsóknir, vitjanir, öldrunarstarf og öll almenn  
prestþjónusta verður einnig óbreytt eftir sameiningu.
5. Helgihald í sameinaðri sókn verður lítið sem ekkert breytt. Árið 2021 voru í  
Hvammstangasókn skrádir 528 þjóðkirkjumeðlimir. Skv. innri samþykktum  
þjóðkirkjunnar er messuskylda í sókn með 300-750 sóknarbörn að lágmarki einu sinni  
í mánuði auk hátiða, ekki sjaldnar en 15 sinnum á ári. Undanfarin ár hafa verið um 20  
messur haldnar í Hvammstangasókn árlega, þrjár messuígildisstundir auk vikulegra  
helgistunda yfir vetrartímann í sjúkrahússkapelli, sem er innan sóknarinnar. Í  
Breiðabólsstaðasókn voru árið 2021 skráðir 16 þjóðkirkjumeðlimir. Þar hefur að jafnaði  
verið 1 messa á ári en skv. innri samþykktum þjóðkirkjunnar er messuskylda í sókn með  
færri en 50 sóknarbörn engin heldur skal messað þar eftir aðstæðum. Þannig er ljóst að  
messaað hefur verið meira en skyldan bauð í báðum sóknum. Hins vegar eru  
sóknarnefndir sammála um að athuga hvort ein af þeim 20 árlegu messum, sem fram  
hafa farið í Hvammstangakirkju, færi fram í Breiðabólsstaðakirkju eftir sameiningu.
6. Við sameiningu sóknanna sameinast eignir þeirra og skuldir og sameinuð sókn tekur við  
þeim réttindum og skyldum sem hvor sókn um sig hafði áður gagnvart hvorri kirkju um  
sig. Álegur rekstur Breiðabólsstaðakirkju verður þannig á höndum sameiginlegs  
kirkjusjóðs sem myndast við sameiningu sóknanna tveggja. Varðandi viðhald og  
endurbætur á Breiðabólsstaðakirkju þá er stefnt að því, eftir sem áður, að leita til  
húsafríðunarsjóðs ríkisins og jöfnunarsjóðs sókna vegna tilfallandi viðhaldsverkefna.
7. Stefnt er að því að koma eignarhaldi, rekstri og viðhaldi Breiðabólsstaðakirkju undir  
Húsafríðunarnefnd ríkisins og Minjastofnun Íslands en með því skilyrði að kirkjan nýtist  
til þess helgihalds og þeirra helgu athafna sem nefnd eru í 3.gr.
8. Sóknarnefnd Hvammstangasóknar verður stjórn Breiðabólsstaðakirkjugarðs.

*Sóknarnefnd Hvammstanga*

Hvammstanga 25. apríl 2022

*a Björk Ársælsdóttir*  
Björk Ársælsdóttir  
aform. Hvammstangasóknar

*Ingveldur Ása Konráðsdóttir*  
Ingveldur Ása Konráðsdóttir  
Form. Breiðabólsstaðasóknar